

Nd.

263. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Flm.: Finnur Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 20. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að veita þeim mönnum, er skipstjóraréttindi hafa á íslensku skipi í innanlandssiglingum, allt að 60 rúmlesta, rétt til skipstjórnar á slíku skipi, þótt stærra sé, en þó eigi yfir 150 rúmlestir. Slíkan rétt má þó þeim einum veita, er stýrt hefir skipi í 60 mánuði hið minnsta, enda sanni hann, að skipi hans hafi ekki hlekkzt á undir stjórn hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra, svo og meginmál laga nr. 49 27. júní 1925 og laga nr. 31 8. sept. 1931, inn í lög nr. 40 19. júní 1922 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt sökum þess, að það hefir komið í ljós, að það er mjög bagalegt, að þannig sé gengið frá lögnum um atvinnu við siglingar, að eigi megi veita undanþágu þannig, að skipstjóri geti í einstökum tilfellum öðlazzt rétt til þess að stýra nokkru stærra skipi en prófskírteini hans hljóðar upp á. Hinsvegar er sjálfsagt að binda það föstum skilyrðum, að sá einn geti fengið slíka undanþágu, sem reynzt hefir öruggur í starfi sínu, en þetta er gert með ákvæðunum um það, að sá einn geti fengið shka undanþágu, sem stýrt hefir skipi í 60 mánuði hið minnsta, og enn fremur, að hann geti fært sönnur á, að skipi hans hafi ekki hlekkzt á undir stjórn hans.